



Magnús Jóhannesson
Kleifarvegi 9
104 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 13. janúar 2022
Tilv.: SRN22010030/4.17

Hér með eruð þér skipaðir formaður svæðisráðs sem hefur það hlutverk að vinna að gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018.

Fulltrúar í svæðisráði bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags og starfa í umboði ráðherra og starfa á grundvelli fyrrgreindra laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Skipulagsstofnun er svæðisráði til ráðgjafar og annast gerð strandsvæðisskipulagsins í umboði þess og þá málsmeðferð sem löggin kveða á um. Stofnunin leggur svæðisráði til aðstöðu og starfsmann vegna funda ráðsins.

Samkvæmt lögum þeim ber fagstofnunum og vatnasvæðisnefndum, skv. lögum um stjórn vatnamála, að leggja fram gögn vegna vinnu svæðisráða auk þess sem samráðshópur sem ráðherra skipar skal vera svæðisráði til ráðgjafar og samráðs við undirbúning og gerð strandsvæðisskipulags.

Þegar strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði hefur tekið gildi gildir skipan svæðisráðsins þar til að loknum alþingiskosningum.

Svæðisráðið er þannig skipað:

Magnús Jóhannesson, formaður, skipaður án tilnefningar,
Eggert Ólafsson, lögfræðingur, varafulltrúi, skipaður án tilnefningar.

Aðalfulltrúar tilnefndir af aðliggjandi sveitarfélögum:
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri, Fjarðabyggð,
Elfa Hlín Pétursdóttir, bæjarfulltrúi, Seyðisfjarðarkaupstað,
Gauti Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Múlaþings.

Varafulltrúar tilnefndir af aðliggjandi sveitarfélögum:
Sigurður Ólafsson, bæjarfulltrúi, Fjarðabyggð,
Kári Snær Valtingojer, Djúpavogshreppi,
Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps.

Fulltrúar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis:

Ásta Einarsdóttir, lögfræðingur, aðalfulltrúi,
Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur, varafulltrúi.

Fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytis:
Erla Sigríður Gestsdóttir, verkfræðingur, aðalfulltrúi,
Hreinn Hrafnkelsson, viðskiptafræðingur, varafulltrúi.

Fulltrúar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:
Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur, aðalfulltrúi,
Friðfinnur Skaftason, verkfræðingur, varafulltrúi.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
Eydis Ásbjörnsdóttir, aðalfulltrúi,
Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur, varafulltrúi.

Tilnefningarðailar bera sjálfir kostnað vegna setu fulltrúa sinna í svæðisráðinu.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Ragnhildur Hjaltadóttir

Samrit: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar